




## Mislingar

Mislingar voru staðfestir í níu mánaða gömlu barni hér á landi þann 20. mars síðastliðinn. Barnið hafði dvalist með fjölskyldu sinni í Tælandi og kom til landsins 2. mars en veiktist 14. mars með hita, öndunarfæraeinkennum og útbrotum. Barnið er óbólusett vegna síns unga aldurs og þurfti ekki að leggjast inn á sjúkrahús vegna veikindanna. Um 200 einstaklingar höfðu verið í misnánnum samskiptum við barnið meðan á veikindum stóð. Starfsmenn Landspítala, Heilsugæslu


höfuðborgarsvæðisins, Heilsugæslu Akureyrar og nokkurra annarra heilsugæslustöðva á landinu settu sig í samband við svo til alla þessa einstaklinga til að upplýsa þá um stöðuna og leiðbeina um áframhaldandi eftirlit. Stærsti hluti þessara einstaklinga var bólusettur en óbólusettum einstaklingum var boðin bólusetning sem allflestir þáðu. Tvíburi barnsins veiktist af mislingum hálfum mánuði eftir að hinn hafði veikt. Þar sem hann var einnig óbólusettur vegna ungs aldurs er

ekki um óvæntan atburð að ræða. Þetta er í fyrsta skipti í um það bil aldarfjórðung sem mislingasmit hefur orðið á Íslandi. Börnunum heilsast vel og eru í einangrun heima. Þegar atvik sem þetta verður má alltaf búast við stöku tilfelli af mislingum hjá næmum einstaklingum sem smitast af upprunatilfellinu en hjarðónæmið í samfélaginu, vegna almennra bólusetninga, kemur í veg fyrir mislingafaraldur.

## Kynsjúkdómar



Mynd 1



Mynd 2

### Lekandi og sárasótt

Sú mikla aukning á lekanda og sárasótt á undanförunum þremur

árum virðist ekki í rénun ef marka má tölur fyrir fyrstu tvo mánuði ársins 2017, sjá myndir 1 og 2 sem sýna fjölda

tilfella á Íslandi eftir mánuðum og árum.



Framh. bls. 2

<b>Efni:</b>	bls.
Mislingar	1
Kynsjúkdómar	1
Viðbrögð heilbrigðisyfirvalda við aukinni útbeiðslu kynsjúkdóma	2
Sígellusýkingar	2
Árstíðabundna influénsan veturinn 2016–2017	3
Innleiðing Landsáætlunar – sóttvarnir hafna og skipa	3
Mengun frá kísilverksmiðju í Helgúvík	4

<b>Ritstjórn</b>
Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir, ábm.
Ása St. Atladóttir
Guðrún Sigmundsdóttir
Íris Marelsdóttir
Jónína M. Guðnadóttir
Júlíana Héðinsdóttir
Kamilla Jósefsdóttir
<b>Ritstjóri</b>
Haraldur Briem, sérstakur ráðgjafi

**Embætti landlæknis  
Sóttvarnalæknir**

Barónsstíg 47  
101 Reykjavík  
Sími 5101900  
Bréfasími 5101920  
mottaka@landlaeknir.is  
www.landlaeknir.is



## Klamydía

Klamydía er algengasti kynsjúkdómurinn á Íslandi. Ekki virðist nein breyting á því á fyrstu þremur mánuðum ársins 2017, sjá mynd 3 sem sýnir fjölda tilfella af klamydíu á Íslandi eftir mánuðum og árum.

## HIV-sýking

Óvenjumargir einstaklingar greindust með HIV-sýkingu árið 2016. Enn er of snemmt að spá fyrir um fjölda ársins 2017, sjá mynd 4.

## Viðbrögð heilbrigðisyfirvalda við aukinni útbeiðslu kynsjúkdóma

Þann 16. mars síðastliðinn skipaði Óttarr Proppé heilbrigðisráðherra starfshóp til að stemma stigu við útbreiðslu kynsjúkdóma og HIV/alnæmis hér á land. Starfshópnum er meðal annars ætlað að kalla til ráðgjafar fulltrúa grasrótarsamtaka í baráttunni gegn kynsjúkdómum ásamt aðilum sem sinna forvarnarstarfi í skól-

um landsins. Stuðla skal að eflingu samstarfs heilbrigðiskerfisins og skóla-kerfisins í þessu skyni. Óskað er eftir að hópurinn skili tillögum sínum til heilbrigðisráðherra eigi síðar en 1. júní 2017.

## Sígellusýkingar

Í Heilbrigðisskýrslum landlæknis var skráð blóðsött eða *dysenteria bacillaris* á síðustu öld. Árin 1930 og 1940 voru skráð óvenjumörg tilfelli af blóðsött. Þess er getið í skýrslunum að líkast til hafi ekki verið gerður greinarmunur á venjulegu iðrakvefi og raunverulegri blóðsött sem stafar af *Shigella flexneri*

sem valdið hafi ofskráningu blóðsöttar þessi ár.


Blóðsött greinist sjaldan hér á landi um þessar mundir. Tveir einstaklingar greindust árið 2014 og einn árið 2015, báðir einstaklingarnir höfðu sýkst erlendis. Í mars 2017 greindist sígellusýking hjá tveimur ótengdum einstak-

lingum. Annar þeirra hafði veikst á ferðalagi í Asíu. Hinn einstaklingurinn hefur líklega smitast hér á landi. Hann vissi ekki um aðra veika í kringum sig og ekki var unnt að rekja smitið út frá þessu eina tilfelli.

## Árstíðabundna inflúensan veturinn 2016–2017

Árstíðabundna inflúensan hófst í byrjun janúar 2017. Hún einkenndist af inflúensu A(H3N1) en 98% greindra stofna voru af þeirri gerð en 2% voru af gerð B. Inflúensan náði hámarki um miðjan febrúar 2017. Eins og fram kemur á mynd 5 var hér um miðlungs-faraldur að ræða en hugsanlegt er talið að mjög góð þátttaka almennings í inflúensubólusetningum haustið 2016 kunni að hafa stuðlað að því.


Inflúensan lagðist ekki ýkja þungt á landsmenn og var tíðni hennar hæst hjá yngra fólki, einkum á aldrinum 15–19 ára eins og sjá má á mynd 6.



## Innleiðing Landsáætlunar – sóttvarnir hafna og skipa

Landsáætlun – sóttvarnir hafna og skipa var undirrituð og gefin út þann 31. janúar 2017 en vinna við áætlana-gerðina hófst í apríl 2016. Áætlunin tekur til 10 hafna og hafa þær verið skilgreindar sem sóttvarnahafnir. Áætluninni er gert að skýra það verklag sem viðhafa skal ef grunur vaknar um atvik sem getur valdið lýðheilsuógn um borð í skipi eða innan hafnar.

Í innleiðingarferli fólst meðal annars að heimsækja skilgreindar sóttvarnahafnir



og kynna áætlunina fyrir viðbragðsaðilum innan sóttvarnaumdæma. Áætlunin var kynnt á tímabilinu 20. febrúar – 21. mars 2017. Samtals voru haldnir tíu fundir á eftirfarandi stöðum: Reykjanesbæ, Þorlákshöfn, Vestmannaeyjum, Grundarfirði, Sauðárkróki, Akureyri, Seyðisfirði, Reyðarfirði, Reykjavík og Ísafirði. Þátttakendur voru alls 154. Á

fundunum var farið yfir efni áætlunarinnar og eftir það voru lagðar fram þrjár sviðsmyndir frá atvikum tengdum skemmtiferðaskipum. Fundarmenn voru beðnir um að leggja fram ábendingar um fyrstu viðbrögð yfirvalda samkvæmt áætluninni. Ábendingum var safnað saman í lok funda og munu þær síðan verða nýttar til að gera endurbætur á

áætluninni þar sem þess er þörf. Glærur voru sendar fundarmönnum að fundi loknum og fundarmenn hvattir til að nýta þær til frekari kynninga á sínum starfsstöðvum. Landsáætlun – sóttvarnir hafna og skipa er aðeins gefin út á rafrænu formi og birt á vef Embættis landlæknis og á vef almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra.

Sjá [Landsáætlun - sóttvarnir hafna og skipa](#).



Meðfylgjandi mynd var tekin á fundi með viðbragðsaðilum á Ísafirði þann 21. mars 2017.

Á myndinni eru: Anton Helgason, Bryndís Friðgeirsdóttir, Brynjar Þór Jónasson, Friðjón Pálmason, Gísli H. Halldórsson, Guðmundur M. Kristjánsson, Gylfi Þór Gíslason, Hallgrímur Kjartansson, Hermann Hermannsson, Hlynur Snorrason, Hrefna R. Magnúsdóttir, Karl Vilbergsson, Sturla Páll Sturluson, Sveinn H. Þorbjörnsson, Þorsteinn F. Þráinsson og Þuríður Katrín Vilmundardóttir

## Mengun frá kísilverksmiðju í Helguvík

Vegna ólíkrar upplifunar íbúa í Reykjanesbæ og vegna opinberrar umræðu undanfarnar vikur um heilsuspillandi áhrif mengunar frá kísilverksmiðju *United Silicon* í Helguvík sendu sóttvarnalæknir og Umhverfisstofnun þann 10. mars sl. sameiginlega yfirlýsingu um áhrif mengunar frá kísilverksmiðjunni í Helguvík. Í yfirlýsingunni kom fram að haft hefur verið náð samráð við lækna Heilsugæslu Suðurnesja og sérfræðinga Vinnueftirlits þegar mat hefur verið lagt á heilsufarsáhrif mengunarinnar. Samkvæmt upplýsingum þessara aðila hefur ekki verið hægt að greina útbreidd eða ákveðin sjúkdómseinkenni hjá íbúum í nágrenni verksmiðjunnar eða starfsmönnum verksmiðjunnar. Fáir einstaklingar hafa leitað til lækna heilsugæslunnar með sín einkenni. Ennfremur er ekki hægt að sjá fjölgun sjúkdómseinkenna hjá íbúum á svæðinu eða aukna sölu lyfja í gagnagrunnum Embættis landlæknis. Þessar upplýsingar útiloka hins vegar ekki hugsan-

leg heilsufarsáhrif hjá nærliggjandi íbúum. Íbúar í nágrenni kísilverksmiðjunnar, sem finna fyrir heilsufars-einkennum, sem þeir telja að stafi af mengun frá verksmiðjunni, hafa verið hvattir til að leita til Heilsugæslu Suðurnesja til skoðunar svo hægt verði að kortleggja betur þau heilsuspillandi áhrif sem hugsanlega stafa af menguninni.

Á þeim 5 mánuðum sem verksmiðjan hefur starfað mældist styrkur arsens í andrúmslofti í nágrenni verksmiðjunnar tímabundið á bilinu 6–7 ng/m<sup>3</sup> en umhverfismörk, miðuð við ársmeðaltal, eru 6 ng/m<sup>3</sup>. Á fundi stjórnskipaðrar samstarfsnefndar um sóttvarnir (SSUS) þann 27. mars sl. var rætt hvort og hversu mikil heilsufarsleg áhrif megi búast við að sjá af völdum mengunarinnar hjá íbúum í nágrenni við kísilverksmiðjuna. Sóttvarnalæknir er formaður SSUS en fundinn sátu auk hans fulltrúar Umhverfisstofnunar, Matvælastofnunar og Geislavarna ríkisins sem sæti eiga í nefndinni en til fundarins

voru einnig boðaðir yfirlæknir Vinnueftirlitsins og sérfræðingur í eiturefnafræði við Háskóla Íslands.

Niðurstaða fundarins var að þegar litið er til niðurstaðna erlendra rannsókna og leiðbeininga alþjóðlegra stofnana þá megi álykta að styrkur arsens í nágrenni kísilverksmiðjunnar í Helguvík sé langt undir þeim mörkum sem talin eru valda bráðum alvarlegum heilsuspillandi áhrifum. Síðar kom í ljós að styrkur arsens í andrúmsloftinu mældist ranglega of hár og því sé ekki ástæða til að ætla að hætta sé á langtímaáhrifum þessarar mengunar á menn.



Ljósmynd: United Silicon í Helguvík